

Sp. 712. Tillaga til þingsályktunar [427. mál]
um stefnumótun í fiskeldismálum og um rannsóknir og tilraunir á möguleikum á fiskeldi.

Flm.: Stefán Valgeirsson, Ólafur P. Þórðarson, Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd alþingismanna til að gera tillögur um stefnumótun í fiskeldismálum. Nefndin skal einnig gera tillögur um hvernig skuli standa að rannsóknum og tilraunum á möguleikum á fiskeldi í landinu. Nefndin skal kynna sér hvernig þær þjóðir, sem lengst eru komnar á þessu sviði, hafa byggt upp þennan atvinnurekstur hjá sér og leita eftir ráðgjöf erlendis frá ef ástæða þykir til. Nefndin skal leggja höfuðáherslu á að leita svara við því hvort fiskeldi geti orðið að umtalsverðri framleiðslugrein fyrir strjálbýlið í landinu í stað þess samdráttar sem á sér nú stað í hefðbundnum búgreinum. Nefndin skal gera tillögur um fjárveitingar í þessu skyni og hafa eftirlit með þeirri starfsemi sem unnið er að á hverjum tíma eftir þeim tillögum sem verða samþykktar. Nefndinni ber að gefa Alþingi skriflega skýrslu á ári hverju um það sem verið er að gera á hennar vegum og hvaða lærdóma megi af því draga, svo og um niðurstöður rannsókna og tilrauna þegar þær liggja fyrir.

Greinargerð.

Fiskeldi er víða orðið talsverður atvinnuvegur, ekki síst í nágrannalöndum okkar. Norðmenn, Skotar og Færeyingar ráðgera að auka þessa framleiðslu eftir því sem aðstæður frekast leyfa, enda telja þeir að fiskeldi sé mjög álitleg og ábatasöm framleiðslugrein þar sem sæmileg skilyrði eru fyrir hendi. Norðmenn munu vera í fararbroddi á þessu sviði. Hefur

norska þingið lagt fram mikla fjármuni til margvíslegra rannsókna og tilrauna í þessari atvinnugrein. Árangurinn af þessu starfi hefur ekki látið á sér standa. Um síðustu áramót voru eldisstöðvarnar orðnar um 500 að tölu og veita á þriðja þúsund manns atvinnu. Í ár er stefnt að því að framleiðslan fari í a. m. k. 40 þús. tonn og á næsta ári í 55 þús. tonn. Árið 1983 var þessi framleiðsla 22 400 tonn en aðeins 500 tonn árið 1970. Þessar tölur sýna hvernig þessi framleiðsla hefur þróast þar í landi.

Bæði í norskum og sænskum skýrslum um fiskeldi í vötnum og á sjávarsvæðum er bent á hinar mörgu hliðstæður þessarar atvinnugreinar við landbúnað og við lestur á opinberum hagskýrslum Noregs 1982 má draga þá ályktun að hægt sé að byggja þennan atvinnuveg upp á borð við landbúnaðinn með kerfisbundinni aðstoð, t. d. menntun, leiðbeiningum, þróun, rannsóknum og eftirliti. Landbúnaður í Noregi veitir nú um 150 þús. manns atvinnu en stefnt er að því að 100 þús. ársverk verði í hafbúskap um árið 2000.

Annað stefnumál, sem fylgir þessu sjálfkrafa, er varanleg búseta og full atvinna við strendur Noregs um ófyrirsjáanlega framtíð. Þessar stöðvar eru ekki allar á takmörkuðu svæði sunnarlega í Noregi, þó að verulegur hluti þeirra sé þar, því að nokkrar stöðvar eru einnig í nyrstu héruðum landsins, langt norðan við heimskaupsbaug.

Norðmenn halda uppi markvissri byggðastefnu sem frjálslyndir stjórnmalaflokkar standa vörð um. Eitt af stefnumálum þeirra er, og hefur verið, að nýjum fiskeldisstöðvum verði komið upp þar sem þær verða til þess að styrkja strjálbýlið. Þeir hafa sett skorður við að fjársterkir aðilar frá öðrum héruðum geti komist í slíkan rekstur nema að mjög takmörkuðu leyti. En þar í landi, eins og hér, veður frjálshyggjan uppi, sú stefna að fjármagnið eigi að deila og drottna, að það eigi að ríkja óheft frelsi eins og það er kallað. Margt bendir til þess að frjálshyggjumenn reyni að knýja fram breytingar á löggjöfinni en ekki er trúlegt að sú tilraun verði gerð fyrr en eftir kosningar sem verða í haust. Kunnugir telja að fólk í litlum og fátækum héruðum muni snúast til varnar, veita þeim flokkum brautargengi er standa vörð um hagsmuni þessara byggða. Er því talið líklegast að engin breyting verði á löggjöfinni að þessu leyti.

Til að reisa nýja eldisstöð í Noregi þarf leyfi stjórnvalda og í norskum lögum eru ákvæði um stærðarmörk. Stærst má byggja 5000 m³ á fyrsta ári en eftir þrjú ár má bæta við 3000 m³ og stöð má því vera allt að 8000 m³.

Margt bendir til að þessi stefna Norðmanna leiði til þess að fjársterkir aðilar þar í landi fái mikinn áhuga á að komast inn í þennan atvinnurekstur hér þar sem engin stefna hefur enn verið mótuð í þessum málum. Líklegt er að miklir möguleikar séu hér fyrir slíkan atvinnurekstur ef rétt er staðið að málum. Sú litla starfsemi, sem hér er hafin, bendir ótvírætt til þess, t. d. í Lóni í Kelduhverfi.

En hver er hlutur opinberra aðila í mótun stefnu á þessu sviði og rannsóknum á því hvaða möguleikar eru fyrir hendi í þessari framleiðslugrein sem miklar líkur eru á að muni skila meiri arði en nokkur önnur framleiðsla er við höfum komið auga á til þessa? Flm. telja að lítið verði um svör. Um þetta hefur mikið verið talað, en minna gert. En við verðum að móta stefnu í þessum málum og svara ýmsum brennandi spurningum ef ekki á illa að fara. Eigum við að feta í fótspor Norðmanna og láta rannsaka og gera tilraunir með hvort þessi framleiðslustarfsemi sé möguleg fyrir strjálbýlið í landinu til að viðhalda byggð þar sem hefðbundinni framleiðslu í landbúnaði er nú mjög þröngur stakkur skorinn og fullvíst má telja, komi þar ekki til ný atvinnustarfsemi, að fari í eyði? Geta alþingismenn ekki sameinast um það að strjálbýlið sitji fyrir öðrum um þessa framleiðslu þar sem rannsóknir sýna að það er mögulegt og arðvænlegt? Er ekki rétt að setja stærðarmörk á þessar stöðvar eins og Norðmenn gera? Eigum við að hleypa inn í landið óheftu erlendu fjármagni í þessa framleiðslu? Sé það gert, er þá ekki hættu á að slíkt mundi þrengja kost landsmanna á þessu sviði þegar fram í sækir? Líklegt er að fjársterkir erlendir aðilar muni reyna að setja sig niður

þar sem álitlegast er og fleyta þar með rjómann ofan af þessari framleiðslu. Á það að vera stefna okkar?

Þessi þingsályktunartillaga er flutt til að vekja athygli á hvernig staðið er hér að þessum málum og gera tilraun til þess að fá fram úrbætur þar sem flest bendir til þess að við séum að missa þessi mál úr höndum okkar. Flm. telja að þetta mál sé það mikilvægt að bregða þurfi skjótt við og marka stefnu í þessum málum og hefja nú þegar markvissar rannsóknir.

Þó að þingsályktunartillagan skýri sig sjálf er rétt að fram komi hvers vegna lagt er til að í nefndina verði skipaðir alþingismenn en ekki sérfræðingar á þessu sviði eða embættismenn. Eins og fram kemur í greinargerðinni hér að framan þá telja flm. að mál þetta sé afar brýnt og nú þegar verði að hefjast handa, gera tillögur um stefnumótun og hefja rannsóknir og tilraunir á þessu sviði. Tillögur að stefnumótun eiga að vera á vegum Alþingis, gerðar af alþingismönnum. Sérfræðingar okkar á þessu sviði eiga að gera rannsóknir og tilraunir en nefnd þingmanna á að leggja fram tillögur fyrir ríkisstjórn og Alþingi, svo og um það hvar eigi að hefja þessar rannsóknir og í hvaða röð þær verði gerðar, með atvinnu- og byggðasjónarmið að leiðarljósi. Flm. telja rétt að þessi nefnd hafi eftirlit með því hvernig að rannsóknum og tilraunum er staðið eftir því sem við verður komið. Meiri trygging fæst fyrir því að eitthvað gerist í þessum málum ef nefnd þingmanna ber ábyrgð á þeim heldur en nefnd sem skipuð er öðrum aðilum. Þingmenn hafa að jafnaði betri aðgang að kerfinu og þekkja betur en aðrir hvernig best er að koma málum þar fram. Þeir eru í betra sambandi við ríkisstjórn og þeir verða að svara fyrir sig á Alþingi ef eitthvað bregður út af með þau störf sem þeir eru settir til að sinna.

Athafnaleysi og vangaveltum í þessum mikilvægu málum verður að linna. Nú verðum við að móta stefnuna og hefjast handa án allra undanbragða.